



Ávarp forseta Íslands

Við sjáum á sjónvarpsskjá myndir af fátækum börnum, horuðum og hjálparvana. Við heyrum frásagnir af hungurdauða, sjúkdómum sem herja á milljónir manna vegna skorts á næringu og hreinu vatni. Við skynjum hvað eftir annað að gæðum þessa heims er ójafnt skipt. Sumir fæðast í löndum þar sem lífsbaráttan er hörð, menntun af skornum skammti og margvíslegar hættur herja á heilsu manna og andlega vellíðan.

Við Íslendingar erum svo lánsöm að búa við almenna velmegun og gott heilbrigðiskerfi, skólaganga býðst öllum í samræmi við áhuga til ólíkra starfa, náttúran er heilnæm og hollir lifnaðarhættir koma í veg fyrir sjúkdóma sem víða um heim leggja milljónir að velli, oft ungt fólk í blóma lífsins.

En örlög þeirra sem eiga undir högg að sækja snerta okkur djúpt. Við finnum til samkenndar og viljum leita leiða til liðsinnis, spyrjum hvernig við getum greitt öðrum að njóta þeirra lífsgæða sem við teljum sjálfsagðan rétt.

Íslenskt dagsverk er lofsvert framtak námsmanna sem sjá brýna þörf hjá ungu fólki í fjarlægum löndum og með samvinnu afla fjármuna til að rétta hjálparhönd yfir höf og álfur.

Með þátttöku í Íslensku dagsverki eflum við skilning á örlögum þeirra sem búa við sára fátækt og sjáum hvernig framlag sem okkur kann að finnast lítið getur skipt sköpum í lífi þeirra, gert þeim kleift að ljúka námi og forðað þúsundum frá hörðum dómi örbirgðar og hungurs, sjúkdóma og heilsubreysts.

Að þessu sinni er Íslenskt dagsverk helgað hjálparstarfi á Indlandi og beinist einkum að viðfangsefnum í þágu menntunar og sjálfshjálpar. Milljónir indverskra ungmenna geta ekki nýtt hæfileika sína vegna skorts á aðstöðu og bjargálnum sem duga þeim til skólagöngu. Upphæð sem hér er varið til að kaupa bíómiða getur á Indlandi opnað ungmenni aðgang að menntun. Aðstöðumunurinn er slíkur að það sem okkur finnst vera lítil upphæð getur þar gert gæfumun.

Það hefur verið mér mikils virði að hafa á undanförunum tveimur áratugum átt þess kost að kynna Indlandi af eigin raun og sjá þann margbreytileika mannlífsins sem þar er að finna. Slíkt er mikil lífsreynsla og breytir heimsmynd sérhvers manns.

Ég vona að þátttaka ykkar í Íslensku dagsverki í þágu indverskra ungmenna verði ykkur einnig tilefni til að kynna aðstæðum og þjóðháttum í þessu margbrotna landi og veita ykkur innsýn í lífsbaráttu milljónanna sem þar búa.

Ég veit að Indverjar meta mikils vináttuna við Íslendinga og munu taka fagnandi þeirri hjálpi sem héðan berst.

Vonandi verður þátttakan í Íslensku dagsverki ykkur til gleði og þroska og ég hlakka til að fréttu nánar af framlagi ykkar.

Það var með mikilli ánægju sem ég varð við þeirri ósk að gerast verndari Íslensks dagsverks og ég vona að við getum í sameiningu orðið til þess að þúsundir indverskra ungmenna muni alla ævi hugsa hlýlega til Íslendinga, þakklát fyrir að héðan barst þeim sú hjálparhönd sem dugði til bjargar.

(undirskrift)